136. fundur
íþróttaráðs
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
fimmtudaginn 19. október 2023 og hófst hann kl. 16:00

Fundinn sátu:
Sverrir Kári Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Þór Jóhannesson, Einar Örn Þorvarðarson, Gunnar Gylfason, Hildur K Sveinbjarnardóttir, Matthías Hjartarson, Sunna Guðmundsdóttir, Thelma Bergmann Árnadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Óskar Hákonarson, Gunnar Guðmundsson, Anna Birna Snæbjörnsdóttir og Íris Svavarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar

Dagskrá:

Almenn mál

1. 23101233 - Íþróttaakademía MK - kynning

   Á fundinn mætti Daði Rafnsson, deildarstjóri afreksíþróttasviðs og lýðheilsu hjá Menntaskólanum í Kópavogi og kynnti fyrir ráðinu Íþróttaakademíu MK.

   Íþróttaráð þakkar Daða fyrir góða kynningu.

2. 23092346 - Endurskoðun á reglum íþróttaráðs um kjör á íþróttakonu og íþróttakarli Kópavogsbæjar

   Lögð fram drög um endurskoðun á reglum íþróttaráðs um kjör á íþróttakonu og íþróttakarli Kópavogsbæjar.

   Íþróttaráð samþykkir uppfærðar reglur með fyrirvara um orðalagsbreytingar eftir ábendingar frá hagsmunaaðilum.

3. 23101238 - Fyrirspurn vegna þjónustusamninga við íþróttafélög

   Lagt fram erindi frá Gunnari Gylfasyni, dags. 11. október 2023, þar sem óskað er eftir svörum varðandi fyrirspurn um þjónustusamninga við íþróttafélögin.

   Frestað til næsta fundar.

   Gunnar Gylfason, fulltrúi Samfylkingar leggur fram eftirfarandi bókun.

   "Ég lýsi óánægju minni yfir því að svör við spurningum mínum hafi ekki verið tilbúin fyrir fundinn"

Fundargerðir til kynningar

4. 2210565 - Skákstyrktarsjóður Kópavogs - Fundargerðir sjóðsins

   Fundargerðir sjóðsins fyrir árið 2023 lagðar fram.

   Lagt fram.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:35.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026